

**REGLUGERÐ
um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 634/2014
að því er varðar 21. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar
um reikningsskil, IFRIC-túlkun 21.**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2014, frá 12. desember 2014, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaráttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 634/2014 frá 13. júní 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar 21. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil, IFRIC-túlkun 21.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 634/2014 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 8/2015, 5. febrúar 2015, bls. 818.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2014 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. febrúar 2015.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Harpa Theodórsdóttir.

Nr. 179

19. febrúar 2015

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 299/2014

**frá 12. desember 2014
um breytingu á XXII. viðauka (Félagaráttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til estirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 634/2014 frá 13. júní 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IFRIC-túlkun 21 (¹).
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 0634:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 634/2014 frá 13. júní 2014 (Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 634/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger
formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.